

Undraverð bók.

Bókin sem eg á við heitir: „Samtöl um íslenska heimspeki“ og er eftir ungan bónda borgfirskan, Þorstein Jónsson á Úlfssstöðum í Hálsasveit, mann sem eg hygg að hafi, því miður, ekki haft neitt tiltakanlega góðar ástæður til bókmentastarfa. En því meiri er ástæðan til að undrast. Því að með bók þessari er andlegt afrek unnið. Hún er rituð af skýrum skilningi og skörpu viti og á tiltakanlega góðri íslensku. Höfundurinn hefir glögt skilið, að kenning Nýals um eðli drauma er ekki nein tilgáta, heldur byggist á uppgötvun sannleika, sem áður var ókunnur. Um þetta hefir hann sannfærst með því að athuga sína eigin drauma, eins og hver maður getur gert, sem næga greind hefir og nægan áhuga á sannleikanum. Og hann hefir einnig glögt skilið, að orðtak Nýals „Ultra religionem, non contra“, er sammæli. Nýall flytur í raun og sannleika, þekkingu í trúar stað. Höfundurinn virðist hafa rekið sig á þá skoðun, að fylgi hans við Nýal sé sprottið af eigin skorti á frumleika, en slíkt er hin mesta fjarstæða. Undir eins málfar Þorsteins Jónssonar nægir til að sýna, að hann er óvenjulega frumhugsandi og vel hugsandi maður. Það væri mikill mis-

skilningur, að ímynda sér, að það séu hinir ófrumlegu sem verða fyrstir til að taka undir frumlegar hugsanir. Þarf þar ekki annað en að minna t. d. á Darwinskenningu. Það voru einmitt ágætustu og frumlegustu náttúrufræðingar samtíðarinnar, sem fyrstir urðu til að taka undir með Darwin og styðja hann, Wallace, Lyell, Hooker, Huxley, en á Þýskalandi Ernst Hæckel. Á Norðurlöndum var þar einna fremstur í flokki I. P. Jacobsen sem var eigi einungis ágætt skáld og einn hinn mesti ritsnillingur, heldur einnig merkilegur náttúrufræðingur. — Eg er ekki viss um, að þessi merkilega bók Þorsteins Jónssonar veki fyrst í stað þá eftirtekt sem hún á skilið; en það er víst, að hún á fyrir sér að þykja mjög eftirtektarverð.

Á sumardaginn fyrsta 1940.
Helgi Pjeturss.

U. 6/10. 5. 40